

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1993

15. febrúar 1993

85

Nr. 54

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Halamiðum.

1. gr.

Frá og með 17. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 66°51'N – 24°34'V
2. 66°50'N – 24°05'V
3. 66°44'N – 24°12'V
4. 66°44'N – 24°41'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.